

TÓNLEIKAR

Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna

í Seltjarnarneskirkju

sunnudaginn 16. október 2016 kl. 17:00



Einleikari:

Chrissie Telma Guðmundsdóttir

Stjórnandi:

Oliver Kentish

Aðgangseyrir er kr. 2000,
afsláttarverð kr. 1000 fyrir nemendur og eldri borgara

Efnisskrá:

Antonin Dvořák: Rómansa í f-moll, ópus 11

Erik Satie: Gynopédie I (Hljómsveitargerð Claude Debussy)

Pablo de Sarasate: Zigeunerweisen

- HLÉ -

Johannes Brahms: Sinfónía nr. 4 í e-moll, ópus 98

Allegro non troppo

Andante moderato


Allegro giocoso

Allegro energico e passionato

Flytjendur og verk:




Antonín Dvořák (1841-1904) samdi Rómönsuna í f-moll eftir pöntun og var hún flutt fyrst 1877. Verkið byggir á hæga kaflanum úr strengjakvartett nr. 5, sem var saminn nokkrum árum fyrir, þegar tónskáldið var enn lítið þekkt. Kvartettinn var hvorki fluttur á tónleikum né gefinn út á prenti fyrir en eftir lát tónskáldsins. Dvořák átti raunar nokkuð erfitt uppdráttar fram eftir aldri og þurfti að bíða eftir verðugri viðurkenningu. Hún kom reyndar 1873 þegar hann lagði fram fimmtán af nýjustu verkum sínum í keppni um Austurísku tónlistarverðlaunin og hreppti fyrstu verðlaun. Í dómnefndinni sat þá meðal annarra Johannes Brahms, höfuðtónskáld tónleikanna í dag. Hann var þá stærsta nafnið í tónlistarlífi Vínarborgar. Verkin fengu lofsamlega umsögn og frægðarsól Dvořáks reis hratt, því hann vann verðlaunin næstu þrjú árin í röð.



Erik Satie (1866-1925) gaf út þrjú píanólög árið 1888 undir nafninu Gymnopédies. Nafnið er tekið úr grísku og vísar til hátíðar í Spörtu til forna, þar sem nakin ungmenni dönsuðu. Þessi lög urðu gríðarlega vinsæl, einkum hið fyrsta í röðinni. Það má nokkuð örugglega telja þekktasta verk Saties. Ekki er alveg ljóst hvernig nafnið er til komið, en talið líklegt að það hafi orðið til sem brandari. Erik var eitthvað óruggur um starfsheiti sitt og kynnti sig þá sem Erik Satie, gymnopédist. Þegar leið að aldamótum tók frægðarljómi Saties að dala. Þá tók sig til vinur hans, Claude Debussy, sem átti vaxandi vinsældum að fagna, og útsetti tvö laganna fyrir hljómsveit. Hann tók það fyrsta og þriðja en sneri röðinni við, þannig að nokkur ruglingur ríkir um númerin á lögnum. Lagið sem flutt verður hér er nr. 1 frá hendi Debussys en upphaflega nr. 3 frá Satie.



Pablo Martín Melitón de Sarasate y Navascués (1844 – 1908) var spænskur fiðlúvirtuós og tónskáld. Hann var undrabarn, hélt sína fyrstu opinberu tónleika 8 ára að aldri og innan við tvítugt hafði hann haldið tónleika í London og París. Tónsmíðar hans voru first og fremst ætlaðar til flutnings á hans eigin tónleikum og sýndu gjarnan afburða tækni hans. Margar þeirra voru fantasíur út frá þekktum óperum og laglínum. Þekktasta verk hans er vafalítið Zigeunerweisen, sem hér er flutt í dag. Sarasate hafði mikil áhrif á önnur tónskáld og voru ýmis þekkt tónverk samin fyrir hann eða tileinkuð honum, meðal annars verk Camille Saint-Saëns, Intruction and Rondo capriccioso, sem Guðný Guðmundsdóttir lék meistaralega með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna á tónleikum hennar síðastliðið vor.



Johannes Brahms (1833-1897) er talinn með höfuðtónskáldum nítjándu aldar. Hann var fjölhæfur tónlistarmaður, lærði ungur að leika á fiðlu og selló hjá föður sínum sem var bassaleikari. Tónlistarferil sinn hóf hann þó sem píanóleikari í sjómannaaknæpum í fæðingargötu sinni í Hamborg, þá aðeins á unglingsaldri. Brahms var með afbrigðum vandvirkur við tónsmíðar sínar, næstum til vandræða, því erfitt er fyrir síðari tíma fræðimenn að átta sig á vinnuáðferðum hans og þroskasögu. Hann fargaði öllum verkum sem hann samdi fyrir 19 ára aldur, svo og flestum drögum að verkum sem hann samdi síðar. Vitað er að hann vann að sumum verkum svo árum skipti og hélt áfram að breyta þeim og umskrifa í 10-20 ár. Frægt er svar hans þegar hann var spurður hvornig hann færi að því að semja verk sín. „Með strokleðri“, svaraði tónskáldið þurrlega. Lengi framan af tónskáldaferli sínum skrifaði hann mest fyrir píanó. Hann var orðinn rúmlega fertugur þegar hann skrifaði fyrstu sífóníu sína. Eftir það rak hvert stóra sífóníska verkið annað, og allar fjórar sífóníur hans urðu til á 9 ára tímabili. Allar njóta þær fádæma vinsælda en sú númer 4, sem hér er flutt, þykir stærst í sniðum.



Chrissie Telma Guðmundsdóttir hóf fiðlunám 7 ára gömul við Tónlistarskóla Árneseinga hjá Guðmundi Pálssyni. Síðan lá leiðin í Allegro Suzuki tónlistarskólann og Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem Lilja Hjaltadóttir og Auður Hafsteinsdóttir leiðbeindu henni. Þá stundaði hún nám í tónlistardeild Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og lauk þaðan námi 2012. Síðustu árin hefur Chrissie Telma stundað nám og störf í Arizona í Bandaríkjunum og útskrifaðist með meistaragráðu í fiðluleik frá Arizona State University undir handleiðslu Prof. Danwen Jiang í maí 2016. Chrissie hefur komið víða við í tónlistariðkun sinni. Hún hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins, Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands, leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, og tekið þátt í ýmsum atburðum í íslensku tónlistarlífi, s.s. leikið með jólagestum Björgvins, Sniglabandinu og Agent Fresco. Chrissie flutti aftur heim til Íslands í maí sl. og starfar nú sem fiðlukennari og forskólakennari við Tónlistarskóla Rangæinga.

Hljómsveitin er að þessu sinni þannig skipuð:

Konsertmeistari: Helga R. Óskarsdóttir

1. fiðla

Helga R. Óskarsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Thorarensen
Jelena Kuzminova
Úlfhildur Ösp Indriðadóttir
Anna von Heynitz
Auður Ýr Sigurðardóttir
Unnur Þorsteinsdóttir

2. fiðla

Agnes Eyja Gunnarsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir
Helga Andrésdóttir
Kristín Jónsdóttir
Þórunn Eva Guðnadóttir

Víóla

Elín Björk Jónasdóttir
Gylfi Guðjohnsen
Páll Ingvarsson

Selló

Páll Einarsson
Anna Jórunn Stefánsdóttir
Bianca Tighe
Brynja C. Andrésdóttir
Sandra Ósk Snæbjörnsdóttir
Veronique Jacques

Bassi

Kjartan Guðnason
Jón Hörður Jónsson
Leifur Benediktsson

Flauta

Karen Erla Karólínudóttir
Kristrún Helga Björnsdóttir

Óþó

Sverrir Guðmundsson
Gunnar Þorgeirsson

Klarinett

Guðmundur G. Haraldsson
Simon Karl Sigurðarson

Fagott

Sigríður Kristjánsdóttir
Hafey Lilja Hreinsdóttir

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Halldór Bjarki Arnarson
Erna Ómarsdóttir
NN

Trompet

Steinar Matthías Kristinsson
Ólafur Elliði Halldórsson

Básúnur

Valgeir Geirsson
Sævar Breki Einarsson
Hans Orri Straumland

Pákur

Eggert Pálsson

Slagverk

Sólrún Mjöll Kjartansdóttir

Næstu tónleikar Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna verða sunnudaginn 4. desember 2016. Þá leika sigurvegarar í Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna 2016, einleik með hljómsveitinni.

Upplýsingar um starf Sinfóníuhljómsveitar áhugamanna má finna á vefsíðu hennar:

<http://www.ahugasinfonia.is/>

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur stuðnings Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar 2016.